

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 11. janúar 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 17⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:**1. Málefni grunnskólans**

a) Fyrir fundinum lá minnisblað til hreppsnefndar frá vinnuhópi sem settur var til að fjalla um hugsanlegar aðgerðir til að bæta nemendum grunnskólans upp námstíma sem tapaðist í verkfalli grunnskólakennara.

Í minnisblaðinu er bent á nokkrar leiðir til að draga úr áhrifum verkfallsins á nám nemenda og áætlaður kostnaður vegna hvernar aðgerðar.

Hreppsnefnd ræddi minnisblaðið og þær leiðir sem bent er á. Samþykkt að veita skólastjóra heimild til að ráðstafa allt að 500 þús. krónum til að bæta nemendum elstu bekkja upp kennslutap vegna verkfalls í samræmi við tillögur nefndarinnar og jafnframt löggð áherslu á að nýta alla daga til kennslu sem mögulegt er.

b) Ráðning stuðningsfulltrúa. Fyrir fundinum lá minnisblað skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem óska eftir að stuðningsfulltrúi sem ráðinn var til reynslu í 2 mánuði verði ráðinn út skólaárið. Samþykkt að verða við erindinu.

2. Byggðakvóti

Fyrir fundinum lá erindi sveitarstjóra til Sjávarútvegsráðuneytis þar sem óskað er eftir fresti til að skila inn tillögum að reglum um úthlutun 138 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum sbr. bréf ráðuneytisins 6. desember 2004. Einnig lá fyrir svar ráðuneytisins þar sem samþykktur er umbeðin frestur til 17. janúar. Þá lágu fyrir fundinum svarbréf útgerðaraðila um hvort úthlutuðum byggðakvóta sl. árs hafi verið landað til vinnslu á staðnum eins og skilyrt var við úthlutun hans. Í bréfunum kemur fram að enn hafa ekki allir staðið við það skilyrði.

Umræður urðu um aðferðir við úthlutun byggðakvótans og voru miklar umræður um úthlutunarreglur fyrir kvótann. Samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að vinna að gerð reglna um úthlutunina og boða til fundar áður en tilskilinn frestur er útrunnin.

3. Bréf

a) Skagstrendings hf. dags. 28. desember 2004.

Í bréfin er greint frá samruna Skagstrendings hf og Fiskiðjunnar Skagfirðings hf. Í samrunaáætlun fyrir félögin er gert ráð fyrir að þau sameinist undir nafninu FISK-seafood hf. 1. janúar 2005 og að lögheimili félagsins verði að Eyrarvegi 18, Sauðárkróki. Bréfið var til kynningar.

b) Siglingastofnunar dags. 16. desember 2004.

Bréfið er til kynningar á yfirlitsskýrslu um sjóvarnir sem var meðfylgjandi bréfinu. Í skýrslunni kemur m.a. fram að fyrirhuguð er sjóvörn með Fjörubraut í framhaldi þeirrar sem gerð var 2003.

Bréfið og skýrslan var til kynningar.

c) Rannsókn og ráðgjafar, dags. 7. desember 2004.

Með bréfinu kynnir Rögnvaldur Guðmundsson útgáfu sögukorta fyrir ákveðin landssvæði á íslensku og ensku og greinir frá hugmynd um að gera slíkt kort fyrir Norðurland vestra sem ná muni yfir Húnavatnssýslur og Skagafjörð. Með bréfinu er farið fram á styrk til útgáfu kortsins. Samþykkt að verða við erindinu og veita 200 þús. krónum til verkefnisins með fyrirvara um að fjármögnun og þátttaka annarra á svæðinu náist.

d) Umhverfisstofnunar, dags. 8. desember 2004.

Í bréfinu er fjallað um endurgreiðslur vegna refaveiða og tilkynnt um lækkun á framlagi ríkisins úr 50% í 30% þar sem fjárveitingar standi ekki undir því hlutfalli sem áætlað hefur verið.

Hreppsnefndarmenn lýstu áhyggjum sínum af þeirri þróun sem lýst er í bréfinu.

4. Fundargerðir:

a) Leikskólanefndar, 6. des. 2004.

Í fundargerðinni var m.a. fjallað um starfshlutfall vegna stuðningskennslu og að leikskólanefnd telur rétt að auglýsa starfið. Hreppsnefnd samþykkti fyrir sitt leyti að ráðið verði tímabundið í stuðningsstarfið og miðað við 15. júlí nk.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Nefndar um fullorðinsfræðslu, 7. sept. 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

c) Nefndar um fullorðinsfræðslu, 2. des. 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

d) Um slökkviliðsmál, 22. okt. 2004.

Í fundargerðinni er m.a. fjallað um samstarf slökkviliða og lagt til að tilnefndir verði 1-2 fulltrúar frá hverju slökkviliði í Húnavatnssýslum og Bæjarhreppi til að fjalla um sameiginlega brunavarnaráætlun og ljúka gerð skýrslu um hana.

Samþykkt að tilnefna Ágúst Þór Bragason í samstarfshópinn.

e) Stjórnar SSNV, 28. sept. 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

f) Stjórnar SSNV, 11. okt. 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

g) Stjórnar SSNV, 29. okt. 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

h) Aukaárspings SSNV, 29. okt. 2004.
Fundargerðin var til kynningar.

i) Stjórnar SSNV, 10. nóv. 2004.
Fundargerðin var til kynningar.

j) Heilbrigðisnefndar Nl.v. 20. des. 2004.
Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál.

a) Oddviti tók upp erindi nefndar um stofnun Textílseturs sem var frestað að taka til afgreiðslu á fundi hreppsnefndar 12. október sl. Í bréfi undirbúningshópsins var gert ráð fyrir að sveitarfélögin leggðu fram stofnfé og var óskað eftir 750 þús. kr frá Höfðahreppi. Hreppsnefnd taldi ekki forsendu til að leggja fé til stofnunar textílsetursins á meðan ekki er tryggð framtíðar rekstrarfjármögnun, m.a. frá menntamálaráðuneytinu.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 19⁴⁰
